



Ársskýrsla
starfsárið 2010-2011
maí - apríl

Aðalfundur 2011
29. apríl, 2011

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða ■ kt. 571299-3059 ■ Pósthólf 8865 ■ 128
Reykjavík ■ Sími 864 6220 ■ www.upplysing.is ■ upplysing@upplysing.is

Upplýsing, Félag bókasafns- og upplýsingafræða var stofnað 1. janúar 2000 við sameiningu íslenskra bókavæðafélaga og er fagfélag á sviði bókasafns- og upplýsingafræða. Upplýsing getur því fagnað 10 árum á þessu ári. Félagið hefur það m.a. að markmiði að gangast fyrir faglegri umræðu, efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda og efla samvinnu þeirra.

1. Félagar

Félagar í Upplýsingu eru á bilinu 560-570 en sú tala er ekki föst því að jafnaði eru um 500-550 á skrá hjá félaginu. Á árinu 2010 greiddu 428 félagar og stofnanir árgjald, en 560 voru á skrá. Til að gefa nokkra hugmynd um stækkun félagsins þá bætast um 20 nýir félagar við á hverju ári og einhverjir falla út, annað hvort segja sig úr félaginu eða falla frá. Félagsaðild er aðallega persónuleg en í raun eru fimm aðildarflokkar:

- a. Almennir félagar. Þeir greiða nú 6.000 krónur í árgjald.
- b. Stofnanir. Stofnanir greiða 12.000 krónur í árgjald.
- c. Nemendur í bókasafns- og upplýsingafræði. Þeir greiða nú 3.000.
- d. Heiðursfélagar. Greiða ekki árgjald.
- e. Eldri félagar. Geta sótt um að greiða hálf árgjald.

Sigrún Guðnadóttir hefur séð um uppfærslu félagatalsins síðastliðið starfsár.

2. Stjórn Upplýsingar

Samkvæmt nógildandi lögum skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórn Upplýsingar þessi starfsárið 2010-2011 var sem hér segir:

Formaður: Hrafnhildur Hreinsdóttir

Varaformaður: Helga Halldórsdóttir

Ritari: Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir

Gjaldkeri: Sigrún Guðnadóttir

Meðstjórnandi: Margrét Sigurgeirsdóttir

Varastjórn: Óskar Guðjónsson og Þóra Sigurbjörnsdóttir

3. Handbók stjórnar

Brún þörf er á að vinna handbók með leiðbeiningum fyrir stjórnarmenn Upplýsingar til framtíðar. Tilgangur handbókarinnar er að hafa á einum stað allt verklag og reglur, erindisbréf og lög sem gilda um félagið og starfsemi þess. Lítið hefur miðað með handbókina en brún þörf er á að taka saman verklagsreglur til að auðvelda stjórn að hafa yfirsýn yfir verkefni og verklag.

4. Húsnæðismál

Upplýsing fékk húsnæði til leigu að Lyngási 18, Garðabæ og flutti þangað snemma árs 2009. Húsaleigan er kr. 28.000 og er ekki vísitölutryggð en leigu á að endurskoða árlega.

5. Stjórnarfundir og rekstur félagsins

Haldnir voru 12 stjórnarfundir eða að jafnaði mánaðarlega. Áhersla stjórnar á þessu starfsári var á fagleg málefni og ímynd stéttarinnar. Stjórnin setti sér framkvæmdaáætlun í upphafi starfsársins og er gerð grein fyrir því helsta í skýrslunni á eftir. Í lögum félagsins er gert ráð fyrir að félagið starfi á fimm sviðum: Stjórnunarsviði, fjármálasviði, útgáfusviði, fræðslu- og ráðstefnusviði og fagsviði. Starfsemi sem ætti að falla undir þessi mismunandi svið er í raun unnin af stjórn og nefndum á vegum félagsins. Þess skal geta að stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarsetu, greitt er fyrir ritnefndarstörf, vefstjórn og gjaldkerastörf auk þess sem formaður fær greidda þóknun mánaðarlega enda er formaðurinn í raun framkvæmdastjóri félagsins og sér um öll samskipti og helstu útréttingar á vegum félagsins. Þessar upphæðir eru tilgreindar í reikningum félagsins.

6. Fjármál og styrkir

Rekstrarfé Upplýsingar er að mestum hluta árgjald félaga. Á aðalfundi 2010 var ákveðið að hafa sama árgjald og árið áður. Nokkrir aðrir tekjuliðir skipta félagið máli og eru þessir helstir: Menntamálaráðuneytið veitti félaginu í mars 2010 styrk vegna áranna 2009/2010 kr. 1.100.000. – sem nýttur var til hins ýtrasta og svo aftur í mars s.l. kr. 650.000 til erlendra samskipta á árunum 2011. Verður styrkurinn notaður m.a. til að senda fulltrúa á IFLA í Púertó Ríkó og til að fara á fund með norrænum stjórnnum sambærilegra félaga í júní næst komandi ásamt öðru alþjóðlegu samstarfi ef einhver afgangur verður.

Fjárhagur félagsins er stöðugur en rekstur félagsins tekur mið af þeirri hugsun að einstakir félagsmenn sjái sér hag í því að vera í félaginu t.d. með því að fá Bókasafnið, tímarit félagsins, fá gott framboð af viðburðum og á lægra verði en utanfélagsmenn. Reynt er að verðleggja viðburði lágt og reynt að stilla það þannig af að einn viðburður sé ekki notaður til að niðurgreiða annan. Þetta er mjór vegur að feta og geta komið upp tilfelli þar sem kostnaður fellur alfarið á félagið. Reynt er að láta gjöld ganga upp á móti tekjum þannig að félagsmenn fái til baka það sem þeir setja í það.

7. Afsláttarkjör fyrir félagsmenn

Eins og sakir standa fá félagsmenn 20% afslátt í Pennanum – Eymundsson og í lðu. Einnig hefur verið veittur afsláttur fyrir félaga af námskeiðum, morgunkornum, landsfundi og ráðstefnum á vegum Upplýsingar. Skuldlausir félagar fá svo ókeypis á jólagleði og allar heimsóknir Upplýsingar.

8. Útgáfumál og fréttamiðlar

Félagið gefur út tímaritið, *Bókasafnið*, einu sinni á ári. Fréttabréfið *Fregnir*, hefur ekki komið út á tímabilinu en útgáfunefnd er að móta hlutverk Fregna. Þá er Fréttamoli stjórnar sendur félagsmönnum tvisvar á ári.

a. Bókasafnið

Síðast liðið vor kom út 34. árgangur Bókasafnsins og á næstunni mun félögum berast fyrsta tölublað 35. árgangs blaðsins. Mikið hefur gengið út af eldri eintökum og eru nú nokkrir árgangar blaðsins ófáanlegir. Nú stendur yfir vinna við að færa árgangana sem rafrænir eru yfir á vef Upplýsingar.

b. Vefur félagsins – www.upplysing.is

Vefstjóri Upplýsingar er Óskar Þráinsson. Helstu verkefni vefstjóra hafa verið að uppfæra vefinn með tilliti til viðburða svo sem morgunkorna, ráðstefna, málfunda, landsfundar og annarra uppákoma á vegum félagsins. Um mitt síðasta ár var vefurinn allur endurskoðaður bæði með tilliti til uppbyggingar og innihalds á íslensku og ensku. Þá var tekinn í notkun innri vefur fyrir félagsmenn. Endurskipulag vefsins er langtímaverkefni og verður áfram unnið að uppbyggingu innri og ytri vefs og samnýtingu við aðra vefi og samfélagsmiðla. Helstu verkefni framundan er að taka í notkun sérstaka vefhluta sem snúa að höfundarétti og tímaritinu Bókasafninu.

Notkun vefsins: Samkvæmt vefmælingum voru innlit á vefinn árið 2010 6.743 sem er 28% aukning frá 2009. Að meðaltali eru 355 notendur sem skoða vefinn 562 sinnum í hverjum mánuði. Árið 2010 voru síðuflettingar 28.027 en það er 38% aukning frá fyrra ári. Notkun vefsins hefur því aukist umtalsvert á síðasta ári.

c. Fréttamolar stjórnar

Fréttamolar er einblöðungur sem hefur það hlutverk að upplýsa félagi um það sem stjórn Upplýsingar er að brasa hverju sinni hefur nú verið sendur félagsmönnum fjórum sinnum, þar af tvisvar á síðasta starfsári.

d. Póstlisti félagsins – bokin.is

Póstlisti félagsins bokin.is er lokaður listi og á hann fara tilkynningar sem eru eingöngu ætlaðar félagsmönnum. Stundum vill brenna við að félagar gleymi að fara inn á listann og breyta netfangi sínu þegar það breytist og fá þar af leiðandi ekki tilkynningar frá félaginu. Við þessu getur Upplýsing lítið gert og þurfa félagsmenn að vera meðvitaðir um að það er þeirra ábyrgð vilji þeir fá upplýsingar frá félaginu. Umsjónarmaður með póstlista Upplýsingar er Vala Nönn Gautsdóttir.

Skýrsla útgáfunefndar Upplýsingar fyrir aðalfund félagsins 29. apríl 2011

Á aðalfundi Upplýsinga 18. maí 2010 var gerð breyting á tilhögun fastanefnda félagsins. Meðal annars var nú kosin útgáfunefnd í stað ritnefnda Fregna og Bókasafnsins. Í útgáfunefnd voru kosin eftirtalin: Einar Ólafsson, Borgarbókasafni, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, Kristín Ingunnardóttir, Áslaug Óttarsdóttir og Kristína Benedikz, Bókasafni

Menntavísindasviðs HÍ og Sigurborg B. Ólafsdóttir, Bókasafni Seðlabankans. Útgáfunefnd skipti þannig með sér verkum að Einar varð ritstjóri Bókasafnsins og jafnframt formaður útgáfunefndar, Kristín gjaldkeri og Sigurborg ritari.

Gert er ráð fyrir að Bókasafnið komi reglulega út í lok apríl. Útgáfan hefur þó tafist lítillega en blaðið er nú í lokavinnslu í prentsmiðju og kemur út í byrjun maí. Útgáfunefnd ákvað að hefja birtingu ritrýndra greina og mótaði reglur þar að lútandi. Ein ritrýnd grein mun birtast í því blaði sem nú er í vinnslu.

Tilhögun á útgáfu Fregna hefur verið rædd og er stefnan að útgáfan verði á rafrænu formi. Nefndin fundaði með formanni Upplýsingar og vefstjóra 27. október 2010 um hlutverk útgáfunefndar og framtíð Fregna og var síðan auglýst eftir efni í Fregnir í febrúar 2011. Útgáfunefndin telur að skýrari verkaskiptingar sé þörf milli útgáfu Bókasafnsins og Fregna þó svo hvorttveggja verði á ábyrgð útgáfunefndar. Hallfríður Hr. Kristjánsson og Sigurborg B. Ólafsdóttir munu ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í útgáfunefndinni og leggur nefndin til að þeir sem verða kosnir í þeirra stað muni sjá um útgáfu Fregna undir handleiðslu formanns útgáfunefndar. Stefnt er að því að útgáfa Fregna hefjist aftur næsta haust, enda getur ársrit á borð við Bókasafnið aldrei sinnt þeirri þörf sem er fyrir birtingu tímabundnara efnis svo sem fréttu og umræðna.

Það er álit útgáfunefndar hún þurfi að hafa sem breiðastan bakgrunn og að ákjósanlegt væri að fá aðila frá sérfræðisafni eða skólabókasafni til setu í nefndinni til að tryggja að nefndarmenn komi frá mismunandi safnategundum.

28. apríl 2011. F.h. útgáfunefndar, Einar Ólafsson

9. Kynningarmál

Auglýst var á haustdögum eftir fólki til að starfa í hópi sem hefur það að markmiði að bæta ímynd þeirra sem á bókasöfnum vinna. Hópurinn hefur unnið með SBU og hefur Fjalar Sigurðarson, fjölmiðlamaður verið honum til aðstoðar. Hann kynnti vinnu hópsins á síðasta morgunkorni vetrarins en hátt í 90 manns mættu þar. Þá var einnig mikið kynningarstarf unnið í tengslum við bókasafnsdaginn.

10. Bókasafnsdagurinn 2011

Bókasafnsdagurinn var haldinn í fyrsta sinn í samvinnu við bókasöfnin í landinu og tengd félög. Var á sama hátt og áður auglýst eftir fólki til að starfa að undirbúningi hans. Slagorðið: "Bókasafn – heilsulind hugans" ásamt þar til gerðu merki var notað sem þema í kynningu á deginum. Kynningarstarf var mikið í tengslum við daginn og tókst með ágætum að koma „okkar fólki“ að í fjölmiðlum til að ræða mikilvægi bókasafna fyrir samfélagið. Þá var dagurinn auglýstur með snarpri auglýsingaherferð í ljósvakamiðlum, bíóhúsum og heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu. Um 130 bókasöfn tóku þátt í deginum sem einnig var hugsaður sem gleðidagur þeirra sem á bókasöfnunum starfa. Leitað var til stærri bókasafna um fjármögnun á auglýsingunum en einnig lagði SBU, Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna og Upplýsingu fram fé í þessu skyni. Ber að þakka öllum þeim sem hönd lögðu á plóginn til að gera þennan dag að góðum degi.

11. Ferðasjóður Upplýsingar

Hlutverk Ferðasjóðs er að styrkja fullgilda félagar til náms- og kynnisferða og hefur Upplýsing leitast við að auðvelda félögum sínum ferðir erlendis með því að veita ferðastyrki eins og fjárhagur leyfir. Upphæð sem úthlutað er til hvers styrkþega var hækkuð s.l. haust og er að jafnaði 30.000 kr. Fjöldi úthlutana fer eftir fjárhagsstöðu sjóðsins hverju sinni. Í reglum Ferðasjóðs er tekið fram að styrkþegi skuli hafa verið skuldlaus félagi í Upplýsingu í a.m.k. fimm ár og a.m.k. fimm ár þurfa að líða á milli úthlutana úr sjóðnum til sama einstaklings. Á síðasta starfsári fengu 5 félagar ferðastyrk að upphæð kr. 30.000. Eftirtaldir fengu styrki: Lísá Valdimarsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Lilja Ólafsdóttir, Steinunn Þórdís Árnadóttir og Guðný Ragnarsdóttir.

12. Höfundarréttarmál

Ólöf Benediktsdóttir situr fyrir hönd Upplýsingar í höfundarréttarhópi sem norrænu bókavafélögin hafa sett af stað til að samræma áherslur á Norðurlöndum. Hún fór á fyrsta fundinn í febrúar síðast liðinn. Þá hefur hún tekið saman góðan upplýsingabrunn um málaflökkinn sem verið er að ganga frá á vef Upplýsingar.

13. Viðurkenningar fyrir bestu fræðibókina

Upphaf veitinga viðurkenninga fyrir bestu fræðibækurnar má rekja til ársins 1993 á 20 ára afmæli Félags bókasafnsfræðinga. Upplýsing tók svo við og hefur staðið fyrir veitingu viðurkenningar fyrir bestu fræðibókina að mati félagsins og er þessi viðurkenning veitt á aðalfundi. Síðast liðið vor veitti Upplýsing Helga Björnssyni viðurkenningu fyrir bókina Jöklar á Íslandi. Í ár verður veitt viðurkenning fyrir fræðibók fyrir börn en það hefur ekki gerst í langan tíma.

14. Samskipti við stjórnvöld

Alþingi hefur leitað umsagnar Upplýsingar um lagafrumvörp og þingsályktanir ef efnið hefur tengst bókasöfnum. Hingað til hafa þessar umsagnir ýmist verið unnar af stjórnarmönnum eða fulltrúum sem hún hefur falið verkefnið en nú hefur fagnefnd félagsins þetta hlutverk með hendi. Upplýsing hefur á starfsárinu 2010-2011 fengið sent frá Alþingi til umsagnar eitt frumvarp til laga:

Frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls 533. mál.

Stjórn Upplýsingar fór á fund Katrínar Jakobsdóttur þann 3. desember. Umræðuefnið var m.a. um skólabókasöfn og lagaskyldu en ráðherra lofaði nýju frumvarpi sem setti lagaskyldu þar að lútandi, rafrænar bækur og áhrif þeirra í næstu framtíð, vöntun á tengilið hjá ráðuneytinu, bóklistaverk og einnig voru viðraðar hugmyndir um að halda IFLA þing hér á landi 2017. Fundurinn var gagnlegur og umræður hreinskiptar.

Þá ritaði stjórn Upplýsingar bréf í byrjun mars þar sem vakin var athygli ráðherra á áhrifum mikils niðurskurðar í skólabókasöfnum og meint brot forstjóra Landsspítala á lögum um almenningssöfn þar sem Rauðakrosskonum var úthýst með sjúklingabókasafn þar. Svar hefur enn ekki borist félaginu.

15. Fræðslumál

Fræðslunefnd Upplýsingar kom með margar áhugaverðar tillögur að umfjöllunarefni fyrir morgunkornin og heimsóknir á bókasöfn og hefur stjórnin leitast við að fylgja hugmyndum þeirra.

Morgunkorn

Tilgangur þeirra er að efla faglega vitund félagsmanna með því að bjóða upp á umræðu um það sem tengist stéttinni í nokkuð víðum skilningi. Þá er þetta góður vettvangur til að hitta kollega og viðhalda tengslum. Hugmyndin gengur út á það að fá bæði sérfræðinga utan frá og innan félagsins til að ræða mál sem snerta félagið á einhvern hátt. Fundirnir standa í 1 ½ klst og hefjast með morgunverði og lýkur með umræðum ef mögulegt er. Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, ritari Upplýsingar hefur haldið utan um framkvæmd morgunkornanna í vetur og hefur þátttökan verið með ágætum.

- Fimmtudaginn 9. september var kynning á Next Library sem er þriggja ára samnorrænt verkefni almenningsbókasafna á öllum Norðurlöndunum, Árósa, Óslóar, Stokkhólms, Helsinki ásamt þremur bókasöfnum á Íslandi, um hvernig við getum mótað framtíð bókasafnanna. Bókasöfnin sem taka þátt í verkefninu á Íslandi eru Borgarbókasafn Reykjavíkur, Bókasafn Kópavogs og Amtsbókasafnið á Akureyri. Styrkur fékkst til þessa verkefnis frá Nordisk Kulturfond. Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Borgarbókasafni, Hrafn A. Harðarson, Bókasafni Kópavogs, Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Borgarbókasafni og Pia Viinikka Norræna húsinn miðluðu áfram þeim innblæstri sem þau fengu á verkefnadögum sem haldnir voru í júní til þeirra sem hafa áhuga á framtíð bókasafnanna. 37 mættu.
- Í morgunkorni 14. október var umfjöllunarefnið: Aðgengi að rafrænu efni og framtíð hljóðbóka. Pálína Magnúsdóttir frá bókasafni Seltjarnaness hélt fyrirlestur um aðgengi að rafrænu efni á almenningsbókasöfnum. Innblásturinn fékk hún frá ráðstefnunni Aðgangur að rafrænni Evrópu í gegnum almenningsbókasöfn sem hún sótti fyrir skömmu. Hún fjallaði um efnið út frá hlutverki, ímynd og stefnumótun bókasafna. Þá kom Aðalsteinn Magnússon frá hlusta.is og ræddi um hljóðbækur og hvernig þau hjá hlusta.is sjá framtíðina. 49 mættu.
- Nýjasta þróun rafrænna upplýsingastýringakerfa var yfirskrift morgunkornanna 11. nóvember en þá hélt Jónas Sigurðsson frá Gagnavörslunni fyrirlestur um nýjustu þróun rafrænna upplýsingastýringakerfa. Hvernig hugbúnaðurinn er að þróast ört í burt frá hefðbundinni skjalastjórnun "Document Management" byggt á hugtökum pappírsskjala í víðtækari lausnir (ECM) sem geta betur fangað nútíma upplýsingar í rafrænu umhverfi eins og tölvupóst, MSN, ljósmyndir, vídeó, kortaupplýsingar, o.s.frv. Hann fór yfir skemmtilegar hugmyndir sem finna má í mörgum nýjustu veflausnum þar sem efnisorð og "tagging" er notað á skapandi máta sem gefur góða sýn inn í þá óteljandi möguleika sem framtíðin getur falið í skauti sér fyrir þá sem hafa áhuga á stjórnun upplýsingar. Þá fjallaði hann lítillega um áherslumun hugbúnaðarfólks og upplýsingafræðinga sem m.a. má glögglega sjá í stöðlum eins og Moreq2 og slíkum tilraunum til að forma flokkunarkerfi rafrænna gagna. Magnús H. Guðjónsson

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja fjallaði svo stuttlega um notkun þeirra á Core-2 skjalavörslukerfinu og hvernig það nýtist litlum og meðalstórum stofnunum með mikið skjalamagn. 36 mættu.

- 13. janúar var morgunkorn um nýja möguleika í millisafnalánnum. Sigrún Hauksdóttir frá Landskerfi og Þórný Hlynisdóttir frá Landsbókasafni settu fram hugleiðingar um millisafnalán sem hluta að bættri þjónustu og rekstri bókasafna. Millisafnalán íslenskra bókasafna voru skoðuð í sögulegu samhengi og horft til framtíðar. Nýir og ónýttir möguleikar liggja í samskrá íslenskra bókasafna, Gegni ásamt breyttu aðgengi með efni á rafrænu formi. 37 mættu.
- Námið í bókasafns- og upplýsingafræðum við HÍ var á dagskrá morgunkorna þann 10. febrúar. Ágústa Pálsdóttir prófessor við Háskóla Íslands hélt erindi um efnið. Fagnefnd Upplýsingar kynnti svo niðurstöður úr könnun sem send var út á félagi Upplýsingar um viðhorf til náms og kennslu í bókasafns- og upplýsingafræðum. 28 mættu.
- Í morgunkorni 10. mars, 2011 fjallaði Elfa Ýr Gylfadóttir, fjölmiðlafræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um aðgengi og gegnsæi upplýsinga. Internetið er nú einn mikilvægasti miðillinn fyrir okkur sem borgara til að leita upplýsinga og tjá skoðanir sínar. Sum ríki hafa tekið það skref að festa í lög að allir þegar eigi rétt á internet tengingu, til að tryggja aðgengi að upplýsingum og þannig að stuðla að auknu lýðræði í ríkjunum. Á sama tíma eru teikn á lofti um að internetið sé að þróast frá því að vera opið og aðgengilegt almenningi, þar síðum er lokað og aðgengi takmarkað. Vart þarf að áréttta hvernig slík þróun getur haft neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir internet notendur. En hvernig hefur internetið verið að þróast? Hvar eru ákvarðanir teknar og af hverjum? Í erindinu var leitast við skýra þá þróun sem er að eiga sér stað varðandi aðgengi upplýsinga á internetinu, leitast við að skýra hvaða hagsmunir togast á auk þess sem nefnd voru nokkur dæmi. 20 mættu
- 14. apríl. Morgunkorn um ímynd þeirra sem á bókasöfnum starfa. Fjalar Sigurðarson fjallaði um ímynd bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókavarða. Hann er sérstakur ráðgjafi hóps sem er að vinna að ímyndarmálum fyrir Upplýsingu og SBU. Innihald morgunkornsins var um það hvort yfirvöld, almenningur og viðskiptalíf meta starf bókasafns- og upplýsingafræðinga að verðleikum? Skilja þeir út á hvað starfið gengur? Gera þeir sér grein fyrir því hversu hagnýt sérþekking bókasafns- og upplýsingafræðinga getur verið? Hvað geta bókasafns- og upplýsingafræðingar gert til þess að bæta þessa ímynd? 83 mættu.

Námskeið:

Mikil vinna er fólgin í því að bjóða upp á námskeið. Í vetur hefur stjórnin sett upp 4 námskeið en þau hafa því miður öll verið illa sótt, því þeir sem mættu voru ánægðir með námskeiðin og það má nefna að Borgarbókasafn ákvað að bjóða starfsmönnum sínum upp á Google Apps námskeiðið sérstaklega. Margrét Sigurgeirsdóttir hefur haft umsjón með námskeiðunum. Stjórnin hefur ítrekað fengið tölvupósta frá félagsmönnum á landsbyggðinni sem vilja fá námskeiðin í fjarkennslu – en á því eru töluverð vandkvæði og kostnaðarauki. Það er ítrekað

hér að vilji er til þess að sinna þessum hópi en útfærslu á framkvæmd þarf að vinna í samvinnu við landsbyggðarmenn og við bíðum enn eftir tillögum frá landsbyggðinni.

Twitter

21. október. Námskeið um nýtingu á félagsmiðlinum Twitter. Leiðbeinandi var Sara Stefánsdóttir. Námskeiðið var ætlað öllum starfsmönnum bókasafna. Lengd 2 klst. Þátttakendur voru 6.

Twitter er svokallaður félagsmiðill en námskeiðið miðast við að bókasafns- og upplýsingafræðingar læri að nýta sér þennan miðil á faglegan hátt. Almennt eru notendur Twitter að nýta miðilinn faglega.

Twitter er þannig öflugur miðill til þess að fylgjast með umræðu um þitt hugðarefni, hvert svo sem það er innan fræðanna en ótal bókasöfn, fræðingar og tengdir aðilar hafa búið um sig á Twitter í þeim tilgangi að auðvelt sé að fylgjast með þeim.

Hvar.is

22. feb. Námskeið um hvar.is, leiðbeinandi var Birgir Björnsson. Námskeiðið var ætlað starfsmönnum skólasafna, almenningsbókasafna og öðrum þeim sem áhuga hafa. Lengd 2 klst. Þátttakendur voru 11.

Landsaðgangur (hvar.is) veitir aðgang að fjölbreytilegu efni sem nýst getur við nám og kennslu á öllum skólastigum. Landsaðgangur var kynntur og fjallað um þau gagnasöfn sem helst geta nýst skólasöfnum og í kennslustundum s.s. Encyclopædia Britannica, Grove Art og Grove Music og ProQuest Central. Þátttakendur gerðu einnig prufuleitir í einu eða fleiri þessara safna.

Google Apps.

18. mars. Námskeið um fría hugbúnaðinn frá Google t.d. Doc., Analytic, Reader o.fl. Leiðbeinandi var Maríanna Friðjónsdóttir. Lengd 3 klst.

Fjallað var um hvaða tækjakost Google býður uppá í tengslum við venjulegan tölvupóst (g-mail) annars vegar og ef lén er tengt tækjapakka Google hins vegar. Farið var í stillingar á tölvupóstinum og viðbætur sem gera póstkerfið öflugra í notkun voru kynntar. Aðaláherslan var svo á Google Docs - skjalavinnslu í tækjapakka Google. Þá var farið yfir hvaða skjalategundir standa til boða og hvernig við vinnum saman í Google Docs, hvernig við hlöðum upp og deilum með öðrum og hvað hvert einstakt kerfi býður uppá í stærstum dráttum.

Frá bókasafni til samfélags- / menningarhúss

31. mars. Námskeið: Frá bókasafni til samfélags- / menningarhúss. Leiðbeinendur: Pálína Magnúsdóttir, forstöðumaður Bókasafni Seltjarnar-ness og Guðrún Dís Jónatansdóttir, forstöðumaður Menningar-miðstöðvarinnar Gerðubergs. Námskeiðið stóð yfir í 3 klst. Þátttakendur voru 13

Bókasöfn á Íslandi eru stödd á breytingarskeiði og spennandi tímar framundan. Bækur eru í hraðri rafrænni þróun, hegðun notenda er að breytast, notkun og leit að upplýsingum hefur breyst mikið og eru þetta bara dæmi um breytingar. Hvernig munu bókasöfn framtíðarinnar þróast? Verða þau menningarhús, samfélagshús, upplýsingamiðstöðvar, borgarþjónustur eða blanda af einhverju slíku? Á námskeiðinu verður meðal annars velt upp spurningu um hvernig bókasöfnin munu að þróast? Þá verður fjallað um hvaða kjarnaþjónustu bókasöfnin munu hugsanlega bjóða til framtíðar. Til að starfrækja „lifandi“ menningarmiðstöð þarf stefna hennar að vera í sífelldri þróun og endurnýjun til að geta komið til móts við þarfir samfélagsins á hverjum tíma. Farið verður yfir megináherslur í starfsemi Menningar-miðstöðvarinnar Gerðubergs og hvernig þær kallast á við þarfir samfélagsins í dag. Rætt verður um mikilvægi bókasafna í menningarmiðstöðvum og þá möguleika sem felast í samstarfi við nærumhverfið á hverjum stað.

Landsfundur

Landsfundur Upplýsingar var haldinn 17.-18. september í Stykkishólmi undir yfirskriftinni: Upplýsingalæsi á 21. öldinni. Formaður Landsfundarnefndar var Halldóra Jónsdóttir og setti nefndin fram metnaðarfulla dagskrá. Þátttakendur voru um 160 talsins.

Fyrri daginn var m.a. fjallað um hvar.is með tilliti til upplýsingalæsis, upplýsingalæsi í HR og einnig í íslenskum framhaldsskólum með og án bókasafns. Katrín Jakobsdóttir ráðherra mennta- og menningarmála kom og flutti ávarp um efnið en dagskránni lauk á því að Olaf Eigenbrodt University of Hamburg sagði frá bókasafnsflakki sínu um landið. Um kvöldið var svo hátíðakvöldverður þar sem Sigríður Margrét Guðmundsdóttir frá Landnámssetrinu í Borgarnesi var veislustjóri og Kristín Steinsdóttir formaður Rithöfundasambands Íslands flutti hugvekju.

Seinni dagurinn hófst á yfirliti um hvað framundan er hjá Landskerfi bókasafna og einnig kom formaður Aleflis notendahóps kerfisins og sagði frá. Þá var komið að aðalfyrirlesara landsfundarins en það var Fr. Dr. Claudia Lux Generaldirektorin Zentral- und Landesbibliothek Berlin, fráfarandi forseti IFLA sem flutti erindi sem hún nefndi: „Library on the agenda“. Goethe Institut styrkti komu Claudia Lux á Landsfundinn - kærar þakkir fyrir það. Dagskráin endaði svo á hugleiðingu um hlutverk bókasafna í þjóðfélaginu, ný verkefni á bókasöfnum, fjölmenningu og markaðssetningu bókasafna. Næsti landsfundur verður árið 2012 og leiðir Hrafn Harðarson undirbúningshópin.

Málstofa

8. febrúar var haldin málstofa um frítt flæði upplýsinga í samvinnu við Bókasafns- og upplýsingafræðiskor HÍ. Dr. Paul Sturges, prófessor emeritus við Loughborough University í Bretlandi var aðalfyrirlesari og stjórnaði málstofunni. Þátttakendur voru 52 talsins. Þar var fjallað um mikilvægi þess að standa vörð um

frelsi allra þjóðfélagsþegna til upplýsinga og þann vanda sem getur orðið ef það er skert. Alþjóðasamtök bókasafna (IFLA) hafa lýst því yfir að þungamiðja ábyrgðar í starfi bókasafna og upplýsingamiðstöðva sé að styðja við og efla grundvallaratriði vitsmunalegs frelsis og veita óhindraðan aðgang að upplýsingum. Á málstofunni var fjallað um hlutverk bókasafna á þessu sviði og hvernig þau geta sinnt því.

Aðrir viðburðir:

- Haldið var upp á 10 ára afmæli Upplýsingar þann 10. október 2010 kl. 10:10 um morguninn á Bókasafni Mosfellsbæjar. Um 40 gestir komu í „bröns“ og nutu samvistanna, ljúfra fiðlutóna og frásagnar Birgis Sveinssonar fyrrum skólustjóra í Varmárskóla um menn og málefni sveitarinnar.
- Jólagleði félagsins var haldið föstudaginn 3. desember í nýju húsnæði Bókasafns Háskólans í Reykjavík. Guðrún Tryggvadóttir forstöðumaður safnsins var fjarri góðu gamni en starfsmenn hennar tóku vel á móti gestum. Rúmlega 90 félagar mættu, skoðuðu safnið, þáðu veitingar og hlýddu á tónlist.
- Félögum Upplýsingar var boðið í heimsókn á Bókasafn Seðlabankans í Einholti fimmtudaginn 17. febrúar 2011 og mættu þar um þrjátíu manns í norðan haglanda. Valborg Stefánsdóttir og starfsfélagar hennar tóku á móti fólkinu sem skoðuðu þetta merka safn af miklum áhuga.
- Þá lýkur starfsárinu á heimsókn í nýtt húsnæði Bókasafns Náttúrufræðistofnunar Íslands við Urriðaholt 29. apríl, 2011 og er aðalfundur Upplýsingar jafnframt haldinn þar. Stjórnin er þakklát Önnu Sveinsdóttur fyrir að taka svona vel í að sameina þetta tvennt.

16. Nefndir og ráð og starfshópar á vegum Upplýsingar 2010-11

Í samræmi við lögin og í ljósi breytinga sem hafa orðið á verkefnum og vinnulagi stjórnar – var tekin sú ákvörðun á síðasta fundi stjórnar á tímabilinu að breyta nefndaskipan þannig að fastanefndir verði fáar en virkar. Uppstillingarnefnd mun að sjálfsögðu starfa sem fyrr. Auk þessara nefnda verður áfram hafður sá lýðræðislegi háttur að auglýsa eftir fólki sem er áhugasamt um ákveðin málefni til að veita því farargengi. Síðastliðið starfsár voru þrjár fastanefndir starfandi:

1. Fagnefnd, sem hefur það hlutverk að fjalla um allt sem snýr að stéttinni faglega svo sem siðareglur, gæðamál, lög um bókasöfn, álit á lagafrumvörpum, menntun félagsmanna og annað sem að þessu hugtaki kemur. Nefndinni er ennfremur ætlað að koma með tillögur að innihaldi morgunkorna Upplýsingar. Fagnefndina skipuðu á síðasta starfsári: Ragnildur Blöndal, upplýsingasetri Tækniskólans - skóla atvinnulífsins, Sara Stefánsdóttir, bókasafn og upplýsingaþjónusta HR og Kristín Arnþórsdóttir, meistaraneimi, sem kom inn þegar Laufey Jóhannsdóttir varð frá að hverfa vegna veikinda.
2. Fræðslu- og skemmtinefnd, sem hefur það hlutverk að undirbúa námskeið, morgunkorn, ráðstefnur, heimsóknir og annað sem að fræðslu- og viðburðamálum félagsins snýr. Hér er um að ræða hugmyndafræðilegan

stuðning, tillögur um fyrirlesara og leiðbeinendur en ekki framkvæmd. Nefndina skipuðu á síðasta starfsári: Erna Björg Smáradóttir, skjalasafn Bankasýslu ríkisins, Herdís Þórisdóttir, Borgarbókasafn Foldasafn og Pia Viinikka, bókasafn Norræna hússins.

3. Útgáfunefnd - sem hefur það hlutverk að ritstýra og gefa út Bókasafnið, Fregnir og setja meginlínur um fréttafni á vefnum. Nefndinni er einnig ætlað að stýra Bókasafninu í átt að ritrýndu fagtímariti og skilgreina skilin milli fréttablaðsins og svo hlutverk vefsins. Einar Ólafsson, Borgarbókasafni var formaður nefndarinnar en auk hans voru þær Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, LBS – Háskólabókasafni, Kristín Ingunnardóttir, Áslaug Óttarsdóttir og Kristína Benediktz, allar frá bókasafni Menntavísindasviðs HÍ og svo Sigurborg B. Ólafsdóttir, bókasafni Seðlabankans.

Starfshópar:

Þau vinnubrögð hafa tíðkast um nokkurt skeið að auglýsa eftir þátttakendum í hópa um ýmiss málefni og gefa þannig félögum kost á að vinna við undirbúning þeirra. Seinni hluta vetrar var stofnaður „Ímyndarhópur“ sem hefur unnið ötulllega að því að skoða ímynd stéttarinnar í samstarfi við SBU í þeim tilgangi að stuðla að breytingum til góðs. Margrét Sigurgeirsdóttir á Lindarsafni í Kópavogi stýrir þeim hópi. Þá var auglýst eftir hópi til að undirbúa ILL norrænu millisafnaráðstefnuna sem haldin er á tveggja ára fresti og fellur í Íslands hönd að halda árið 2012. Þórný Hlynsdóttir veitir undirbúningshópnum forstöðu. Loks var nýverið auglýst eftir fólki til að taka þátt í að móta stefnu varðandi rafrænar bækur og er vinna hópsins rétt að fara af stað.

Fulltrúar Upplýsingar í stjórnnum annarra félag, hópa og stofnana

1. Stjórnarnefnd um Landsaðgang hvar.is – Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, varamaður er Ásdís Hafstað, MH
2. Stjórn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns – Elín Björg Smáradóttir, Bankasýslu ríkisins, varamaður er Sveinn Ólafsson, Landsspítala
3. Stjórn Blindrabókasafnsins - Erla K. Jónasdóttir (aðalfulltrúi) Borgarbókasafni Reykjavíkur, varafulltrúi er Hrafn Harðarson, Bókasafni Kópavogs
4. Þjónustumiðstöð bókasafna - Nanna Bjarnadóttir, Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni
5. Ráðgjafarnefnd um almenningsbókasöfn - Hólmkell Hreinsson, Amtsbókasafninu á Akureyri
6. Þöll. Samstarfshópur um barnastarf á íslenskum bókasöfnum - Sigríður Matthíasdóttir, Bæjar- og héraðsbókasafninu Selfossi (forsvarsmaður)
7. Gerðubergsráðstefna - Inga Kristjánsdóttir, Bókasafni Kópavogs
8. Höfundarréttarráð – Ólöf Benediktsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Fulltrúar í erlendum félögum

9. Verkefnisstjóri vegna tilnefningar til verðlauna úr minningarsjóði Astrid Lindgren - Þorbjörg Karlsdóttir, Borgarbókasafni
10. Norrænn samstarfshópur um tónlistarsöfn - Lísá Valdimarsdóttir, Listaháskóla Íslands

11. ARLIS/Norden – Elín Guðjónsdóttir, Listasafni Íslands
12. Nord I&D – Þóra Gylfadóttir, Háskólanum í Reykjavík
13. NordinfoLIT - Astrid Margrét Magnúsdóttir, Háskólum á Akureyri
14. Stjórn NFBN - Þóra Gylfadóttir, Háskólanum í Reykjavík

17. Norrænt og alþjóðlegt samstarf

Upplýsing er félagi í mörgum erlendum bókavarðafélögum s.s. LIBER, IASL, IFLA, EBLIDA, Nord I&D, NFBN. Samskipti við þessa aðila eru mismikil og ekki er alltaf ástæða til að senda íslenska fulltrúa á fundi. Reynt hefur þó verið að halda uppi samstarfi við norrænu bókavarðafélögin og IFLA enda má til sanns vegar færa að þessi samskipti séu félaginu gagnlegust. Árið 2010 sendi félagið fulltrúa á ráðstefnur IFLA en hvorki á EBLIDA né LIBER.

a) Samstarf norrænu bókavarðafélaganna

Fulltrúar Norrænu bókavarðafélögin hittast að jafnaði tvisvar á ári og skiptast á um að bjóða til funda. Í júní 2010 komu fulltrúarnir hingað til lands og fundaði stjórn Upplýsingar með þeim. Þá var í byrjun febrúar haldinn símafundur um framboð Norðurlandanna í stjórn og nefndir IFLA. Í júní 2011 verður haldinn sameiginlegur fundur í Danmörku og mun Upplýsing senda fulltrúa þangað.

b) IFLA

Fastanefndir. Upplýsing er aðili að IFLA og hefur tilnefnt í eina fastanefnd, en er aðili að fleiri nefndum og fær upplýsingar um starfsemi þeirra. Meðal norrænu bókavarðafélaganna fór fram umræða í janúar um tilnefningu frá Norðurlöndunum í forsetaembætti IFLA, stjórnarnefnd og aðrar nefndir IFLA.

IFLA-þingið í Gautaborg. Upplýsing sendi tvo fulltrúa á IFLA þingið þær Sigrúnu Guðnadóttur gjaldkera og Ingibjörgu Ösp Óttarsdóttur, ritara.

c) Goethe Institut.

Fulltrúi Goethe Institut, Beate Detlefs sem hefur aðsetur í Kaupmannahöfn, hefur reynst félaginu vel. Stofnunin greiddi kostnað við komu fyrirlesara á Landsfund 2010.

Að lokum

Þegar litið er yfir starfsemi Upplýsingar kemur í ljós að margt hefur verið gert og leitast hefur verið við að sinna sem flestum þeim málum sem félag af þessu tagi getur unnið án fastra starfsmanna. Stjórnin hefur skipt með sér verkum og reynt að dreifa álagi eins og mögulegt er, en það mikla framboð á viðburðum og fræðslu sem félagið býður upp á hefur almennt aukið álag á stjórnina og þá sérstaklega gjaldkera og formann. Formaður vill nota tækifærið hér að þakka stjórninni fyrir gott samstarf og öllum þeim sem hafa lagt að mörkum vinnu eða annað en það er forsendan fyrir því að Upplýsing geti boðið uppá svo metnaðarfullt félagsstarf sem raun ber vitni.

Fjárhagsáætlun 2011

Tekjur	2011	2010
Árgjöld	2.700.000	2.600.000
Námskeið/ráðstefnur	150.000	150.000
Styrkir	800.000	1.100.000
Ýmis fjármögnun á eigið fé	650.000	600.000
Landsfundur	0	300.000
Ímyndarvinna		
Tekjur samtals	4.300.000	4.750.000
Gjöld	2011	2010
Norrænt og alþjóðlegt samstarf	-1.000.000	-1.000.000
Ferðastyrkir	-300.000	-300.000
Funda og stjórnunarkostnaður	-450.000	-500.000
Innlend þing	-300.000	-300.000
Námskeið	-100.000	-100.000
Skrifstofukostnaður	-900.000	-800.000
Styrkir v. Faglegs starfs	-400.000	-300.000
Útgáfa og prentun	-200.000	-400.000
Fjármagnstekjuskattur	-60.000	-70.000
Jólagleði og aðrar upptækur	-500.000	-500.000
Ímyndarvinna	-500.000	*
Gjöld samtals	-4.710.000	-4.270.000

Fé vegna ímyndarvinnu fór af hagnaði af landsfundi 2010 en ekki af rekstrarfé.

Skoðunarmenn reikninga Upplýsingar árið 2010 eru þær Halldóra Jónsdóttir Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir og Nanna Lind Svavarsdóttir og hafa þær yfirfarið reikningana.

Efnahagsreikningur
31. desember 2010

	2010	2009
Veltufjármunir:		
Verðbréfaveltureikningur í L.Í. 371722	720.440	688.977
Vaxtareikningur 380307	4.696.998	4.510.967
Verðbréf VÍB - eign ferðasjóðs Upplýsingar	2.954.975	2.637.872
Kjörbók í L.Í. 263671 eign þallar	83.591	82.638
Ávísanareikningur 505712	705.724	417.407
'Ávísanareikningur 505713	1.338.265	194.423
Vaxtareikningur 380189	2.021.181	1.942.043
Gjaldeyrisreikningur 710666	6.766	615
	12.527.940	10.474.942
Eignir samtals	12.527.940	10.474.942
 Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	10.474.942	10.057.535
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld	2.052.998	417.407
Eigið fé samtals	12.527.940	10.474.942
Skuldir og eigið fé samtals	12.527.940	10.474.942

Rekstrarreikningur

ársins 2010

	2010	2009
Rekstrartekjur:		
Árgjöld	2.938.281	2.960.715
Landsfundur	2.163.842	58.000
Innlend þing, ráðstefnur, fundir o.fl. styrkir o.fl.	1.760.340	165.210
Norrænt- og alþjóðlegt samstarf, styrkir	160.893	0
Fregnir – styrkir	0	0
Á leið til upplýsinga - sala	2.500	47.989
Skrifstofa	74.049	99.249
Vaxtatekjur	680.371	763.878
Samtals tekjur	7.780.276	4.095.041

Rekstrargjöld:		
Innlend þing, morgunkorn og námskeið	1.022.581	290.978
lögfræðikostnaður	0	65.363
Norrænt- og alþjóðlegt samstarf	1.696.258	346.620
Bókasafnið - útgáfustyrkur	0	400.000
Fregnir	80.000	60.000
Flutningskostnaður	0	52.500
Vefstjórn	250.000	50.000
Ferðastyrkur Upplýsingar	170.000	200.000
Funda og stjórnunarkostnaður	274.763	385.918
Skrifstofukostnaður	684.333	532.002
Þóknun vegna stjórnarsetu	375.000	585.000
Fjármagnstekjuskattur	65.224	81.723
Bankakostnaður	81.106	137.592
Hýsing á vefsíðu	120.283	109.235
Leiga á húsnæði	336.000	308.000
Hönnunarkostnaður	100.000	120.000
Skírteini 2011-2012	0	
Kostnaður vegna landsfundar	47.690	
jólagleði Upplýsingar	265.000	200.123
Samtals gjöld	5.568.238	3.925.054
(Gjöld umfram tekjur) tekjur umfram gjöld	2.212.038	169.987

UPPLÝSING FÉLAG BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAFRÆÐA

L Ö G

I. NAFN OG HLUTVERK

1. gr. – Nafn og varnarþing

Félagið heitir: *Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða*. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. – Markmið

Markmið félagsins er:

- a) Að auka skilning á mikilvægi sérfræðiþekkingar bókasafns- og upplýsingafræðinga og annarra starfsmanna bókasafna og upplýsingamiðstöðva.
- b) Að efla skilning á mikilvægi íslenskra bókasafna og upplýsingamiðstöðva í þágu menningar, menntunar og vísinda.
- c) Að bæta aðstöðu til rannsókna og náms í bókasafns- og upplýsingafræði.
- d) Að efla samstarf og samheldni félagsmanna.
- e) Að gangast fyrir faglegri umræðu um bókasöfn og upplýsingamiðstöðvar.
- f) Að stuðla að og standa fyrir símenntun félagsmanna.
- g) Að auka samvinnu ólíkra safnategunda.
- h) Að koma á samvinnu við innlenda og erlenda aðila með svipuð markmið.
- i) Að vera löggjafanum og stjórnvöldum til ráðgjafar um bókasafns- og upplýsingamál.
- j) Að starfa með *Stéttarfélagi bókasafns- og upplýsingafræðinga* og öðrum stéttarfélögum eftir því sem við á.

II. FÉLAGSAÐILD

3. gr. – Félagsaðild

Rétt til félagsaðildar eiga:

- a) Bókasafns- og upplýsingafræðingar svo og þeir sem starfa á rannsóknarbókasöfnum, almenningsbókasöfnum, sérfræðibókasöfnum, skólasöfnum, starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem vinna að upplýsingamiðlun.
- b) Nemar í bókasafns- og upplýsingafræði eða öðru námi á sviði upplýsingamiðlunar og -tækni geta átt aukaaðild að félaginu í allt að þrjú ár. Nemar, sem óska eftir aukaaðild, hafa málfrelsi á fundum en ekki atkvæðisrétt og eru ekki kjörgengir.
- c) Áhugamenn um markmið félagsins.
- d) Almenningsbókasöfn, skólasöfn og sérfræði- og rannsóknarbókasöfn, skjalasöfn svo og aðrar stofnanir og fyrirtæki sem starfa að upplýsingamálum.

Umsóknir um félagsaðild eru afgreiddar á stjórnarfundi.

Einstaklingar sem eiga fulla aðild að félaginu njóta allra þeirra réttinda og fríðinda, sem félagið býður upp á hverju sinni, auk eintaka af fréttabréfum og/eða fagtímaritum félagsins. Fulltrúar stofnana og fyrirtækja hafa ekki atkvæðisrétt á fundum og njóta hvorki kjörgengis né fríðinda, sem félagið býður upp á, en fá fagtímarit og fréttabréf þess.

III. SKIPULAG SVIÐA OG NEFNDA

4. gr. – Skipulag

Starfsemi félagsins skiptist í eftirfarandi svið:

- | | |
|--------------------|-------------------------------|
| a) Stjórnunarsvið. | d) Fræðslu- og ráðstefnusvið. |
| b) Fjármálasvið. | e) Fagsvið. |
| c) Útgáfusvið. | |

Stjórn félagsins eða félagsfundir er heimilt að skipa hópa og nefndir og fela þeim ákveðin verkefni eftir nánari fyrirætlunum hverju sinni. Þeim skal með erindisbréfi setja starfsreglur þar sem viðfangsefni er skilgreint, starfstímabil ákveðið og hver nefndarmanna sé ábyrgur fyrir störfum hennar.

IV. STJÓRN OG STJÓRNARSTÖRF

5. gr. – Stjórnarkjör

Stjórnarkjör fer fram á aðalfundi. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Auk þess skulu kosnir tveir varamenn.

Stjórnarkjöri skal hagað þannig:

- Formann og varaformann skal kjósa til tveggja ára. Þeir eru kosnir sérstaklega sitt árið hvor.
- Aðra stjórnarmenn skal kjósa til tveggja ára þannig að tveir eru kosnir annað árið og einn hitt árið. Varamenn eru kosnir til tveggja ára. Seti í stjórn skerðir ekki kjörgengi til formanns.

Ef stjórnarmaður lætur af stjórnarsetu áður en kjörtímabili hans lýkur og varamaður tekur sæti í hans stað, skal kjörtímabil hins síðarnefnda sem stjórnarmanns aðeins ná yfir þann tíma sem eftir er af stjórnarsetu þess sem hættir. Láti stjórnarmaður af störfum á aðalfundi áður en kjörtímabili hans lýkur skal annar kosinn í hans stað til jafnlangs tíma og eftir er af kjörtímabili þess fyrrnefnda.

Uppstillingarnefnd skal starfa í félaginu og skal hún gæta þess fyrir hvern aðalfund að ekki skorti framboð til stjórnarsetu.

Við stjórnarkjör skal leitast við að fulltrúar ólíkra safnategunda og faghópa eigi sæti í stjórn félagsins, sem og í nefndum og vinnuhópum.

6. gr. – Stjórnarfundir

Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Stjórnarfundur skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði á tímabilinu september - apríl, en oftast ef þörf krefur. Svo og ef að minnsta kosti þrjú stjórnarmenn æskja þess.

Formaður boðar til stjórnarfunda og eru þeir lögmætir sé meirihluti stjórnar mættur. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Séu jafnmörg atkvæði með og á móti ræður atkvæði formanns úrslitum.

7. gr. – Verksvið stjórnar

Stjórnin fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Stjórnin annast rekstur félagsins og hagar störfum sínum í samræmi við lög og samþykktir þess.

Verkefni stjórnar er m.a. að:

- Bera ábyrgð á rekstri félagsins og þjónustu þess við félagsmenn.
- Koma fram fyrir hönd félagsins bæði á innlendum og erlendum vettvangi og afgreiða þau erindi sem því berast.
- Bera ábyrgð á útgáfumálum félagsins.
- Halda almenna félagsfundir.
- Halda við lista yfir stjórnir, nefndir og félög sem félagið á aðild að og sjá til þess að staðið sé við skuldbindingar.

V. AÐALFUNDUR

8. gr. – Aðalfundur

Aðalfundur skal halda í maímánuði ár hvert. Til hans skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara. Fundarboðinu fylgi dagskrá fundarins, ásamt tillögum um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Dagskrá aðalfundar:

- | | |
|-----------------------------|---|
| a) Skýrsla stjórnar. | d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs. |
| b) Skýrslur hópa og nefnda. | e) Árgjald. |
| c) Reikningar félagsins. | |

- | | | | |
|----|---|----|--|
| f) | Lagabreytingar. | i) | Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn. |
| g) | Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr. | j) | Önnur mál. |
| h) | Kosning skoðunarmanna reikninga. | | |

Aðalfundur telst lögmætur og ályktunarhæfur sé löglega til hans boðað. Stjórn félagsins er heimilt að boða til aukaaðalfundar ef þörf krefur. Skal hann boðaður á sama hátt og aðalfundur. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis skuldlausir félagar.

VI. FJÁRMÁL

9. gr. – Fjármál

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum.

10. gr. – Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni að fenginni tillögu stjórnar. Nemar með aukaaðild greiða hálf tveggja ára árgjald einstaklings en stofnanir tvöfalt árgjald

Eftirlaunafélagar og lífeyrisþegar geta óskað eftir að greiða hálf tveggja ára árgjald enda hafi þeir greitt félagsgjöld samfelt í að minnsta kosti 10 ár. Heiðursfélagar eru undanþegnir árgjaldi en njóta allra réttinda á við fullgilda féлага.

Einungis skuldlausir félagar njóta fullra réttinda og fríðinda félagsins. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld tvö ár í röð skal nafn hans fellt út af félagaskrá

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda skulu sendir út í febrúar með eindaga 15. apríl.

VII. FÉLAGSFUNDIR

11. gr. – Félagsfundir

Til almennra félagsfunda skal stjórn félagsins boða skriflega. Til fundar er skylt að boða ef að minnsta kosti 20 fullgildir félagsmenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal þá fundurinn haldinn innan tveggja vikna.

VIII. LANDSFUNDUR

12. gr. – Landsfundur

Landsfundur skal halda að hausti annað hvert ár. Landsfundur skal að jafnaði vera tveggja daga ráðstefna þar sem fjallað um bókasafna- og upplýsingamál. Stjórn félagsins skipar landsfundarnefnd og er starfstími hennar milli landsfunda.

IX. LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

13. gr. – Lagabreytingar

Lögum þessum er aðeins hægt að breyta á löglega boðuðum aðalfundi eða aukaaðalfundi. Tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. mars.

14. gr. – Félagslit

Komi fram tillaga um félagsslit skal hún rædd á sérstökum félagsfundi sem boðað er til í því skyni. Tillagan skal kynnt í fundarboði eigi síðar en 10 dögum fyrir félagsfundinn. Áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim fundi skal kosið bréflaga um félagsslit. Atkvæðisrétt hafa allir þeir félagsmenn sem greitt hafa árgjald það ár. Tillagan telst samþykkt hljóti hún stuðning 60% þeirra sem afstöðu taka.

Við félagsslit skulu eignir félagsins renna til starfandi félags bókasafns- og upplýsingafræðinga og/eða bókavarda samkvæmt nánari ákvörðun fráfarandi stjórnar. Sé slíkt félag ekki til skal eignunum varið til styrktar kennslu í bókasafns- og upplýsingafræði.

Samþykkt á stofnfundi Upplýsingar 26. nóvember 1999

Breytingar 15.05.2001, 09.05.2005, 16.05.2006 og 06.05.2008

Heiðursfélagar Upplýsingar og fyrri bókavarðafélaga

1969	Guðmundur Gíslason Hagalín
1974	Björn Sigfússon
1978	Haraldur Sigurðsson
1980	Herborg Gestsdóttir
1985	Ólafur F. Hjartar
1985	Bjarni Vilhjálmsson
1985	Anna Guðmundsdóttir
1985	Anna Sigurðardóttir
1992	Hilmar Jónsson
1995	Finnbogi Guðmundsson
1996	Guðrún Gísladóttir
1996	Gunnar Markússon
1997	Kristín H. Pétursdóttir
1998	Þórdís Þorvaldsdóttir
2004	Einar Sigurðsson
2004	Else Mía Einarsdóttir
2004	Erla Jónsdóttir
2004	Hulda Sigfúsdóttir
2004	Lárus Zophoníasson
2004	Ólafur Pálmason
2004	Óli J. Blöndal
2007	Sigrún Klara Hannesdóttir
2007	Svanlaug Baldursdóttir